

# Fundargerð 85. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, mánudaginn 24. apríl kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Þorgerður M. Þorbjarnardóttir starfsmaður, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Friðrik Klingbeil Gunnarsson boðaði forföll, varamaður hans Guðmundur Tryggvi Ólafsson mætti í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar - 2210013SA

Fundargerð 84. fundar lögð fram til samþykktar.

### 2. Söfnun heimilisúrgangs hjá lögaðilum - 2304017SA

Sambandið hefur tekið saman minnisblað um skyldu sveitarfélaga á söfnun og annarri meðhöndlun heimilisúrgangi sem fellur til hjá lögaðilum og kynnti Flosi H. Sigurðsson lögfræðingur hjá sambandinu minnisblaðið. Vinnan tengist ýmsum álitafnum sem hafa komið upp vegna nýlegra laga nr. 103/2021 vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis. Sveitarfélögin þurfa vegna þeirra að uppfæra samþykktir um meðhöndlun úrgangs skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Eitt álitafnið er hirða heimilisúrgangs hjá lögaðilum, en afstaða Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins hefur verið að skyldur sveitarfélags nái einnig til hirðu heimilisúrgangs hjá lögaðilum. Mikilvægt er að leggja mat á hvaða skyldur hvíla á sveitarfélögum hvað þetta varðar enda getur það haft veruleg áhrif hvað varðar gjaldtöku ef sambærilegar skyldur eru til staðar gagnvart lögaðilum og íbúum.

*Verkefnisstjórn telur nauðsynlegt að haldinn sé fundur með Samkeppniseftirlitinu um efni minnisblaðsins og jafnframt aflað álits umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins á þeim kröfum sem þau telja að gildi gagnvart sveitarfélaginu um hirðu og aðra meðhöndlun heimilisúrgangs frá lögaðilum.*

### 3. Vinna við nýja reglugerð um meðhöndlun úrgangs - 2211036SA

Reglugerð um meðhöndlun úrgangs hefur verið í endurskoðun hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og skilaði sambandið umsögn um drögin, dags. 24. nóvember 2022. Málið var síðast á dagskrá verkefnisstjórnar 6. mars sl. Flosi Hrafn Sigurðsson og Eygerður Margrétardóttir, hjá sambandinu sögðu frá stöðu vinnu við nýja reglugerð.

Verkefnisstjórnin telur að ráðuneytið hafi tekið tillit til nokkurra af ábendingum sambandsins en telur að enn séu mikilvæg atriði sem mikilvægt sé að ný reglugerð varpi ljósi á um þær leikreglur sem gilda í úrgangsstjórnnum yfir landið allt. Á það sérstaklega við um sérstaka söfnun heimilisúrgangs og undanþágur frá henni.

#### 4. **Framkvæmd sérsöfnunar á textíl með tilliti til nýrra laga - 2301049SA**

Eitt af þeim málum sem upp hafa komið við breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs er hvernig skuli fara með sérsöfnun textíls, en með breytingum á 10. gr. laganna er lögð sú skylda á sveitarfélög að safna þessum úrgangsflokki á grenndarstöðvum. Málið var síðast á dagskrá verkefnisstjórnar 20. mars sl. Framkvæmdin í mörgum sveitarfélögum hefur verið með þeim hætti að góðgerðasamtök safna textíl án aðkomu sveitarfélagsins og er hann nýttur til endursölu eða endurnýtingar. Aflað var álits Ríkiskaupa, dags. 4. apríl, á skyldum sveitarfélaga hvað varðar söfnun textíls, m.a. með tilliti til þess hvort skylt sé að bjóða út söfnun á textíl.

*Frestað fram til næsta fundar verkefnisstjórnar.*

#### 5. **Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA**

Miklar breytingar eru að verða á starfsemi Úrvinnslusjóðs vegna nýlegra laga. Einnig hefur verið unnið að nýju kerfi söfnunar og meðhöndlunar veiðarfæraúrgangs en fyrir liggur tillaga að samstarfsyfirlýsingu og bókun stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Sjóðurinn hefur vegna nýju laganna unnið að því að útfæra greiðslupátttöku sína í kostnaði sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar og byggist sú vinna á túlkun laga nr. 161/2002 um úrvinnslugjald annarsvegar og hins vegar á bréfi ráðuneytis frá 22. júlí sl. Unnin hefur verið tillaga að framkvæmda- og kostnaðaráætlun vegna úrtakskannanna á söfnun við heimili og á grenndar- og söfnunarstöðvum auk minnisblaðs greiðsluskyldu Úrvinnslusjóðs vegna sérstakrar söfnunar, dags. 12. apríl. Að mati sjóðsins er mikilvægt að vinna slíkar kannanir svo unnt sé að meta hver samsetning úrgangsins er og þá hversu stór hluti hans heyrir undir greiðslupátttöku Úrvinnslusjóðs og þá hve stór hluti sveitarfélögin þurfa að innheimta til íbúa sinna í gegnum gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs. Umræða fór fram á fundinum um aðferðafræði við þær úrtakskannanir, en niðurstöður úrtakskannanna munu hafa grundvallaráhrif á greiðslupátttöku Úrvinnslusjóðs varðandi sérstaka söfnun heimilisúrgangs.

Greiðsluskylda Úrvinnslusjóðs vegna söfnunar á víðavangi og rekstur ruslabiða, sem tók gildi 1. janúar sl., takmarkast við einnota plast sem tilgreint er í 37. gr. h í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Úrvinnslusjóður álitur að kostnaður vegna úrgangs á víðavangi og ruslabiða sé 262 kr/kg og að hlutur Úrvinnslusjóðs af heildarþyngd sé 5%. Þannig mun sjóðurinn greiða 13,1 kr/kg fyrir þess háttar úrgang til sveitarfélaga.

Gunnar Bragason ráðgjafi, Valgeir Björnsson sérfræðingur SORPU bs. og Daníel Gunnarsson sérfræðingur og Ólafur Kjartansson framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs og Líf Magneudóttir, stjórnarmaður Úrvinnslusjóðs mættu á fundinn undir þessum lið.

Verkefnisstjórn telur nauðsynlegt að við aðferðafræði úrtakskannana sé byggt á reynslu annarra samanburðarþjóða svo möguleiki sé til staðar að geta borið saman þær tölur sem aflað er á Íslandi. Einnig að framkvæmd kannananna sé með sama hætti yfir landið allt og beinir því til Úrvinnslusjóðs að skipaður verði fulltrúi sjóðsins sem ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmdinni og tryggir samræmi og gegnsæi í vali á sýnum og greiningu þeirra.

Verkefnisstjórn telur einnig nauðsynlegt að gera úrtakskannir varðandi samsetningu úrgangs á víðavangi. Miða má við úrtakskönnun sem Reykjavíkurborg lét framkvæma í samstarfi við SORPU bs. árið 2014 og telur að miðað við niðurstöður þeirrar greiningar ætti greiðslutaka Úrvinnslusjóðs vegna úrgangs á víðavangi að vera hærrí en 5% sem er viðmið sjóðsins í dag.

Verkefnisstjórn fellst á framlögð drög að bókun vegna veiðarfærasamnings Úrvinnslusjóðs annarsvegar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hinsvegar, sem stefnt er að því að leggja fram í stjórn Úrvinnslusjóðs í samræmi við þær umræður sem fram komu á fundi verkefnisstjórnar. Verkefnisstjórn telur eðlilegt að úttektarskýrsla sem fjallað er um í bókun, fari fram eigi síðar en 15. júní 2025.

**6. Úrgangsmál í skipulagi og hönnun mannvirkja - 2304018SA**

Sambandið hefur verið í samskiptum við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun en stofnunin hefur unnið minnisblað þar sem kemur fram að nauðsynlegt er að það sé betri samræming milli laga um meðhöndlun úrgangs og skipulags- og byggingarreglugerðar. Flosi Hrafn Sigurðsson og Eygerður Margrétardóttir hjá sambandinu sögðu frá málinu.

**7. Bókun Sorpurðunar Vesturlands og ályktun Norðurár um dýraleifar - 2303039SA**

Framlögð bókun Sorpurðunar Vesturlands og ályktun aðalfundar Norðurár bs. varðandi stöðu förgunar dýraleifa og skýrslu og minnisblað Stefáns Gíslasonar, sérfræðings hjá Environice. Eygerður Margrétardóttir og Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdarstjóri Sorpurðunar Vesturlands sögðu frá málinu.

Verkefnisstjórn telur að það ástand sem til staðar er þegar upp koma smitsjúkdómar í búfé sé óviðunandi. Af þeim sökum hvetur verkefnisstjórn helstu hagaðila til þess að eiga fund til þess að leysa það ófremdarástand sem til staðar er.

**8. Önnur mál - 2009111SA**

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 14:00

---

Jón Viggó Gunnarsson

---

Steinþór Þórðarson

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Guðmundur Tryggvi Ólafsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Stefán Aspar Stefánsson